

Alþingi  
Erindi nr. P 130/994  
komudagur 17. 2. 2004

FÉLAGSFUNDUR UM FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGU Á  
LÖGUM 77/1998 UM LÖGMENN.

Á félagsfundi í Lögmannafélagi Íslands, sem fram fór á Grand Hótel fimmtudaginn 22. janúar 2004, var frumvarp til breytinga á lögmannalögum kynnt. Líflegar umræður urðu um frumvarpið og ljóst að þorri fundarmanna taldi frumvarpið ekki í horfi sem lögmannafélagið gæti staðið að. Fundurinn samþykkti tillögu Jakobs R. Möller hrl., og Hákonar Árnasonar hrl., um að skora á stjórn félagsins að óska eftir því við dómsmálaráðherra, að hann beiti sér fyrir því að frumvarpinu verði breytt í meðförum þingsins sem hér segir: **“Niður verði felldar allar greinar frumvarpsins aðrar en þær sem nú verða taldar: 1. gr., 2. gr., 3. gr., 1.,3. og 4. mgr. 4. gr. svo og 15. til 17. gr. og 19. til 20. gr.”** Eftir stæðu þá aðeins þær greinar frumvarpsins er varða staðfesturétt erlendra lögmannna, námsskilyrði til héraðsdómslögmannsefna og breytingar varðandi úrskurðarnefnd lögmannna.

Einnig samþykkti fundurinn að beina því til stjórnar félagsins að hún skipi nefnd 9 félagsmanna undir forystu formanns félagsins sem hefði það verkefni að gaumgæfa nauðsynlega heildarendurskoðun á lögmannalögum. Í starfi nefndarinnar yrði einkum kannað hvernig félagsaðild og handhöfn lögmannsréttinda verði best fyrir komið og þar hafðar til hliðsjónar tilgangsskyldur félagsins samkvæmt 2. gr. samþykktu þess. Starfi nefndarinnar skuli ljúka með gerð tillagna um breytingar á lögmannalögum og eftir atvikum samþykktum félagsins. Nefndin ljúki störfum eigi síðar en svo, að tillögur hennar verði lagðar fyrir aðalfund félagsins 2005.

Loks var samþykkt áskorun til stjórnar félagsins um að hún beiti sér fyrir því að við 3. mgr. 9. gr. laga nr. 77/1998 verði bætt eftirfarandi málslíð:

**“Þá getur ráðherra með sama hætti vikið frá 4. tl. 1. mgr. ef umsækjandi hefur starfað sem héraðsdómslögmaður samtals í 10 ár.”**